

í sambandi við sannkristið hjarta geta þeir orðið mjög mikils virði.“

AÐ UPPBYGGJAST.

Margt fólk er því miður kristið fyrir siðasakir. Kristindómurinn þess er þá ekkert annað en vana-kristindómur. Það fer til kirkju á helgum dögum, hlýðir á ræðu prestsins og þykir hún ef til vill góð, talar þá um hana og dáist að henni, en svo er alt talið. Gamla lífernið er við það sama. Engin lífernisbetrun er sjáanleg. Ræðan fékk ekki að hafa nein þau áhrif. Er það nú að uppbyggjast? — Saga ein er til, sem er góð þessu til skýringar.

Guðspjónustan var úti. Þá kom kona ein til prestsins og var mjög hrifin. Hún segir við hann: „Prestur minn! Eg uppbygðist ágætlega af ræðunni í dag.“ — Presturinn var maður með kristilega reynslu og lét ekki aðláun konunnar fá neitt á sig. Hann svarar henni því stutt og hvíttilega: „Í vikunni mun það nú sýna sig, góðin mín.“

Að uppbyggjast er að láta guðs orð hafa áhrif á sig til betrunar, en ekki að eins lítið augnablik að láta sér þykja vænt um það. Það er að leggja nafn guðs við hégóma, að lesa það að eins eða hlusta á það og dást að því, en láta það ekki verða sér til betrunar.

„Þú skalt ekki leggja nafn guðs þíns við hégóma“ — segir drottinn.

AÐ EINS LÝSA.

Það er miklu miklu betra að lifa góðu lífi, en að tala um það. Okkur er sagt að láta ljósið okkar lýsa. Og ef það lýsir, há þurfum við ekki að segja neinum frá því, að það geri það. Ljósið ber sér sjálft vitni. Vitar hringja ekki klukkum né skjóta stórskotum, til þess að fólk veiti því eftirtekt, að þeir lýsi. — Þeir að eins lýsa.

Úr „The Lutheran.“

HÓGVÆRÐ KRISTS.

(Þýtt.)

„Eg áminni yður með hógværd Krists“ — segir Páll postuli. Guð þolinmæðinnar einn getur gert okkur þolinmóð, blíðlynd